

Samstarfsverkefni þýskra og íslenskra stjórnvalda, Örugg matvæli, hefur nú verið hrint úr vör. Megintilgangur verkefnisins er að auka matvælaöryggi og neytendavernd á Íslandi með því að auka vöktun á óæskilegum efnum í matvælum. Helstu aðgerðir og verkefni eru eftirfarandi:

## Helstu aðgerðir verkefnisins

1. Kaup og uppsetning á rannsóknatækjum
2. Þjálfun starfsfólks Matís í framkvæmd á efnagreiningum samkvæmt viðurkenndum aðferðalýsingum
3. Þjálfun starfsfólks Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í verklagi við að framfylgja opinberu matvælaeftirliti
4. Skráning aðferðalýsingar á nýjum greiningaraðferðum og verklagsreglum í gæðahandbækur Matís og Matvælastofnunar
5. Undirbúningur fyrir faggildingu á nýjum greiningaraðferðum hjá Matís
6. Vitundarvakning meðal hagsmunaaðila og aukið matvælaöryggi með aukinni vöktun á aðskotaefnum og eiturefnum í matvælum.

## Helsti afrakstur verkefnisins

1. Matís fær betri rannsóknaraðstöðu og getu til að framkvæma efnagreiningar á algengustu hættum í matvælum
2. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga auka þekkingu á löggjöf, verklagi við opinbert matvælaeftirlit og stjórnsýslu
3. Nýjar mæliaðferðir og verkferlar við lögbært matvælaeftirlit
4. Matís lýkur undirbúningsvinnu fyrir faggildingu á nýjum greiningaraðferðum
5. Vitundarvakning um matvælaöryggi og neytendavernd meðal hagsmunaaðila

Verkefnið er unnið í samvinnu Matís, Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Federal Ministry of Food and Agriculture (BMEL), Federal Institute for Risk Assessment (BfR) og Lower Saxony State Office for Consumer Protection and Food Safety (LAVES) í Þýskalandi.

